

# 233. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 9. JÚNÍ 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs.
  - a) Starfslýsing framkvæmdastjóra, lokaskjal.
  - b) Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra.
3. Fjármál.
  - a) Fjárhagsáætlun 2015, endurskoðun.
  - b) Sala eigna.
  - c) Kirkjujarðasamkomulagið.
  - d) Rekstur kirkjuráðs 2014.
  - e) Löggjafarnefnd kirkjuþings, erindi frá formanni.
  - f) Jöfnunarsjóður sókna.
    - i. Stórólfshvolfssókn.
    - ii. Skuld Biskupsstofu við Jöfnunarsjóð sókna, styrkveiting á móti greiðsluheimild frá 2013.
    - iii. Útskálasókn.
    - iv. Ljósavatnssókn.
4. Fasteignir.
  - a) Fjárhagsáætlun fasteignasviðs 2016.
  - b) Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2015-2017.
  - c) Hruni, staða dómsmáls vegna girðinga.
  - d) Hvanneyri, Staðarhóll, sölumat.
  - e) Glaumbær, eldra íbúðarhús.
  - f) Sauðárkrókur, Barmahlíð 7, sölumat.
  - g) Eskifjörður, sölumat.
  - h) Reynivellir. Raflagning, færa til bókar samþykkt.
  - i) Reynivellir prestssetursjörð.
  - j) Mælifell, lagning raflínustrengs.
  - k) Syðra Laugaland, lagning raflínustrengs.
  - l) Grenjaðarstaður, lagning raflínustrengs.
  - m) Saurbær, samningur.
5. Kirkjuþing 2014.
6. Kirkjuþing 2015.
7. Kirkjuþing unga fólksins.
8. Skálholt.
  - a. Viðhaldsverkefni í Skálholti. Eignir kirkjumálasjóðs í Skálholti. Rekstur.

b. Beiðni um viðbótarfjármagn.

9. Skipan í nefndir.

10. Önnur mál.

a. Ályktun héraðsnefndar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir. Séra Gísli Gunnarsson vék af fundi þegar dagskrárliður 4 e var til umfjöllunar.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókari Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 3 og 8.

Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 4 og 8.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri fjármála, sat fundinn undir dagskrárlið 3 d iii og iv.

Arnór Skúlason, verkefnisstjóri fasteigna, sat fundinn undir dagskrárlið 4 a og b.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sátu fundinn undir dagskrárlið 8.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, átti ekki kost á að sækja fundinn né Egill Heiðar Gíslason varaforseti.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 232. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

Kirkjuráð samþykkti að frá og með þessum fundi munu allir fimm fulltrúar í kirkjuráði rita undir fundargerðir.

---

## 2. FRAMKVÆMDASTJÓRI KIRKJURÁÐS

---

a) *Starfslýsing framkvæmdastjóra.*

Kirkjuráð samþykkti starfslýsingu framkvæmdastjóra og var hún undirrituð af framkvæmdastjóra kirkjuráðs og kirkjuráðinu í heild.

b) *Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra og viðbótarsamningur.*

Kirkjuráð samþykkti að endurskoða ráðningarsamning framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð samþykkti ráðningarsamninginn og viðbótarsamning við hann sem voru undirritaðir af framkvæmdastjóra kirkjuráðs og kirkjuráðinu í heild.

---

## 3. FJÁRMÁL

---

a) *Fjárhagsáætlun 2015, endurskoðun.*

Kirkjuráð samþykkti að endurskoða fjárhagsáætlun fyrir Þjóðkirkjuna og Kirkjumálasjóð vegna ársins 2015.

*b) Sala eigna, endurskoðun.*

Kirkjuráð samþykkti að nýta ekki söluandvirði eigna til að fjármagna laun eða annan rekstur þjóðkirkjunnar.

*c) Kirkjujarðasamkomulagið.*

Kirkjuráð ræddi næstu skref í samskiptum þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins varðandi kirkjujarðasamkomulagið. Biskup upplýsti að óskað hefur verið eftir fundi með forsætisráðherra. Kirkjuráð samþykkti að óska einnig eftir fundi með fjármálaráðherra.

*d) Rekstur kirkjuráðs 2014.*

Aðalþingari Biskupsstofu kynnti rekstur kirkjuráðs vegna ársins 2014.

*e) Löggjafarnefnd kirkjubings, erindi frá Steindóri Haraldssyni formanni.*

Fjárhagsáætlun formanns löggjafarnefndar lögð fram ásamt beiðni um aukafjárveitingu fyrir störf löggjafarnefndar.

Kirkjuráð samþykkti að veita 300 þ.kr. viðbótarfjármagni úr Kirkjumálasjóði til nefndarstarfanna.

*f) Jöfnunarsjóður.*

*i. Stórolfshvolfssókn.*

Stórolfshvolfssókn fékk viljrði fyrir styrk árið 2009 að fjárhæð 30 milljónir króna vegna framkvæmda sem þá voru fyrirhugaðar. Þar sem ekki var farið í fyrirhugaðar framkvæmdir og skilyrði styrkveitingar ekki uppfyllt var styrkurinn ekki nýttur en stendur enn á viðskiptareikningi Jöfnunarsjóðs sókna.

Kirkjuráð samþykkti að fella niður áður veitt viljrði.

Séra Gísli Gunnarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann sæti hjá við afgreiðslu málsins.

*ii. Skuld Biskupsstofu við Jöfnunarsjóð, styrkveiting á móti greiðsluheimild frá 2013.*

Kirkjuráð samþykkti að veita styrk til Biskupsstofu úr Jöfnunarsjóði sókna að upphæð 33 m.kr. sem gengur til greiðslu á fyrirframgreiðslu á styrk í desember 2013 vegna ársins 2014.

*iii. Útskálasókn.*

Verkefnisstjóri fjármála lagði fram minnisblað.

Dómssátt í héraðsdómsmáli nr. E-/2015 lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að veita úr Jöfnunarsjóði sókna 4 m.kr. til Útskálasóknar til að ljúka málinu.

*iv. Ljósavatnssókn.*

Greinargerð frá gjaldkera Ljósavatnssóknar vegna Þorgeirskirkju lögð fram til kynningar.

Verkefnisstjóri fjármála lagði fram minnisblað um málið.

Kirkjuráð samþykkti að veita viðbótarstyrk úr Jöfnunarsjóði sókna að fjárhæð 300 þ.kr. til Ljósavatnssóknar.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

a) *Fjárhagsáætlun fasteignasviðs 2016.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs og verkefnisstjóri fasteigna kynntu fjárhagsáætlun fasteignasviðs.

b) *Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2015-2017.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs og verkefnisstjóri fasteigna kynntu framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2015-2017.

c) *Hruni, staða dómsmáls vegna girðinga.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti málið.

d) *Hvanneyri, Staðarhóll, sölumat.*

Verðmat á Staðarhóli frá Lögfræðistofu Inga Tryggvasonar, lagt fram til kynningar. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og sviðsstjóra fasteignasviðs að ræða við ábúandann.

e) *Glaumbær eldra íbúðarhús. Kauptilboð frá ábúanda.*

Verðmat á eldra íbúðarhúsi í Glaumbæ frá Stefáni Ólafssyni fasteignasala lagt fram til kynningar, ásamt verðmati frá Fasteignasölu Sauðárkróks frá 26. 6. 2014. Minnisblað frá sviðsstjóra fasteignasviðs frá 5.9.2014 lagt fram til kynningar. Ábúandinn í Glaumbæ hefur lagt fram kauptilboð í eldra íbúðarhúsið í Glaumbæ. Kirkjuráð samþykkti kauptilboð ábúanda og að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að undirrita kaupsamningi, afsal og önnur skjöl þar um.

f) *Sauðárkrókur, Barmahlíð 7, sölumat.*

Verðmat á Barmahlíð 7, Sauðárkróki frá Fasteignasölu Sauðárkróks, frá 9. 4. 2015, lagt fram til kynningar, ásamt verðmati frá Pacta lögmönnum Blönduósi frá 1. 6. 2015. Kauptilboð frá sitjandi sóknarpresti lagt fram til kynningar. Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að gera sóknarpresti gagnaþilboð.

g) *Eskifjörður, Hátún 13, sölumat.*

Verðmat á Hátúni 13, Eskifirði, frá Domus fasteignasölu, lagt fram til kynningar.

h) *Reynivellir Raflagning, strengur færður í jörð.*

Endurnýjun á raflínustreng, nýr settur í jörð. Samkomulag vegna lagningar jarðstrengja lagt fram. Í kjölfar síðasta kirkjuráðsfundar samþykkti kirkjuráð ofangreinda framkvæmd og er hún hér með færð til bókar.

i) *Reynivellir prestsseturjörð.*

Biskup kynnti stöðu mála.

j) *Mælifell, lagning raflínustrengs.*

Endurnýjun á raflínustreng, nýr settur í jörð. Samkomulag vegna lagningar jarðstrengja lagt fram. Kirkjuráð samþykkti framkvæmdina.

k) *Syðra Laugaland, lagning raflínustrengs.*

Endurnýjun á raflínustreng, nýr settur í jörð. Samkomulag vegna lagningar jarðstrengja lagt fram. **Kirkjuráð samþykkti framkvæmdina.**

l) *Grenjaðarstaður, lagning rafstrengja.*

Endurnýjun á raflínustreng, nýr settur í jörð. Samkomulag vegna lagningu jarðstrengja lagt fram. Kirkjuráð samþykkti framkvæmdirnar.

m) *Saurbær, ný sammingsdrög.*

Ný drög að samningi voru lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að hafna hinum langa binditíma sem gert er ráð fyrir í samningnum.

Kirkjuráð gerir ekki athugasemdir við að sóknarprestur geri sambærilegan samning á sínum forsendum í samræmi við gildandi lög og reglur.

---

## 5. KIRKJUÞING 2014

---

Minnisblað um afgreiðslu kirkjuþings 2014 lagt fram.

Mál nr. 4/2014 um tillögu að nýjum þjóðkirkjulögum. Löggjafarnefnd hefur málið til umfjöllunar og mun skila málinu af sér á kirkjuþingi 2015.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að funda með formanni löggjafarnefndar um málið.

Mál nr. 7/2014 um tillögu til þingsályktunar um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta. Löggjafarnefnd hefur málið til umfjöllunar og mun skila málinu af sér á kirkjuþingi 2015.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að funda með formanni löggjafarnefndar um málið.

Mál nr. 13/2014 um endurskoðun Samskiptastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til starfshóps um fjölgun í þjóðkirkjunni.

Mál nr. 26/2014 um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skoða málið.

---

## 6. KIRKJUÞING 2015

---

Rætt um kirkjuþing 2015 sem sett verður í Grensáskirkju laugardaginn 24. október nk., undirbúning mála, tímafresti og fleira.

---

## 7. KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

---

a) *Fyrirspurn til kirkjuráðs varðandi starfsreglur Kirkjuþings unga fólksins.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera tillögu að breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins í samræmi við ályktunina.

b) *Yfirlit yfir afgreiðslu kirkjuþings unga fólksins lagt fram.*

---

## 8. SKÁLHOLT

---

a) *Viðhaldsverkefni í Skálholti, eignir kirkjumálasjóðs og rekstur.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs lagði fram minnisblað og kynnti viðhaldsverkefni í Skálholti.

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti lykiltölur í rekstri Skálholts og kynnti upplýsingar um eignir kirkjumálasjóðs í Skálholti.

b) *Beiðni um viðbótarfjármagn frá stjórn Skálholtsstaðar.*

Stjórn Skálholtsstaðar óskaði eftir að stofnframlag frá ríkinu til Skálholts að upphæð 4 m.kr.

sem greitt er í Kirkjumálasjóð verði varið í áframhaldandi deiliskipulagsvinnu í Skálholti.

Jafnframt óskaði stjórnin eftir viðbótarframlagi úr Kirkjumálasjóði að upphæð 7 m.kr. til reksturs Skálholtsstaðar.

Stjórnin mæltist einnig til þess að gert verði samkomulag um skuldir Skálholts við Kirkjumálasjóð og að þær verði jafnaðar út á næstu þremur árum með fjárveitingu úr Jöfnunarsjóði sókna.

Kirkjuráð samþykkti að veita 4 m.kr. úr kirkjumálasjóði til áframhaldandi vinnu við deiliskipulag í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að lækka húsaleigu Skálholtsstaðar um 7 m.kr. Leigan vegna ársins 2015 verði því 1 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera drög að samkomulagi um skuldir Skálholts við Kirkjumálasjóð sem lagt verður fram á næsta fundi kirkjuráðs.

---

## 9. SKIPAN Í NEFNDIR

---

Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli á annan veg, sbr. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í eftirfarandi nefndir:

### **Hópslysanefnd.**

Séra Gísli Jónasson, formaður.

Aðrir skv. viðbragðaáætlun kirkjunnar.

### **Fagráð um meðferð kynferðisafbrot.**

#### ***Aðalmenn:***

Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur.  
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur.  
Sigurður Levý, sálfræðingur.

#### ***Varamenn:***

Séra Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sjúkrahúsprestur.  
Vilborg Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur.  
Halla Bachmann, lögfræðingur.

### **Löngumýrarnefnd.**

#### ***Aðalmenn:***

Séra Gísli Gunnarsson.  
Lárus Ægir Guðmundsson.  
Séra Sigríður Gunnarsdóttir.

#### ***Varamenn:***

Séra Dalla Þórðardóttir.  
Adolf H. Berndsen.  
Helga Friðbjörnsdóttir.

### **Strandarkirkjunefnd.**

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður og Ellisif Tinna Víðisdóttir, varaformaður.  
Tilnefnd af prófasti séra Jón Ragnarsson og varamaður hans Margrét Jónsdóttir.  
Tilnefnd af Strandasókn séra Baldur Kristjánsson og varamaður hans Jóhanna Eiríksdóttir.

### **Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan.**

Bernharður Guðmundsson.

### **Hjálparstarf kirkjunnar.**

Lóa Skarphéðinsdóttir.  
Ingibjörg Pálmadóttir.

### **Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd.**

Bjarni Gíslason.

### **Launanefnd kirkjunnar.**

Ellisif Tinna Víðisdóttir, formaður.  
Egill Heiðar Gíslason.  
Séra Elínborg Gísladóttir.  
Inga Rún Ólafsdóttir.  
Sigríður Guðmundsdóttir.

### **Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn.**

Séra Bolli Pétur Bollason.



**Stofnun Sigurbjörns Einarssonar.**

Bogi Ágústsson, formaður.

Séra Kristján Björnsson.

Magnús Þorkell Bernharðsson.

Gunnlaugur A. Jónsson.

---

**10. ÖNNUR MÁL**

---

Ályktanir héraðsnefndar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra frá 19. maí 2015, lagðar fram til kynningar.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:33.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 11. ágúst nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson, ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.